

Ríkisaðili	Háskóli Íslands
Ábyrgðaraðili	Jón Atli Benediktsson
1 Kjarnastarfsemi	
<p>Kjarninn í starfi Háskóla Íslands liggur í námi og kennslu tæplega 12.500 nemenda skólans, rannsóknnum sem innan hans eru unnar og virkri þátttöku hans í íslensku samfélagi og menningarlífi. Við skólann eru um 400 námsleiðir á grunn-, meistara- og doktorsstigi í boði á fimm fræðasviðum (Félagsvísindasviði, Hugvísindasviði, Heilbrigðisvísindasviði, Menntavísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði), 26 deildum og nokkrum þverfræðilegum námsleiðum. Við Háskóla Íslands eru kenndar fjölmargar greinar sem ekki eru í boði annars staðar innanlands. Sérstaða skólans liggur m.a. í breiðu námsframboði og fjölbreyttum möguleikum nemenda hans til þverfræðilegrar nálgunar í námi. Nemendahópurinn er fjölbreyttur, 11% hópsins eru erlendir og sá hópur nemenda sem þarf sérhæfðan stuðning náms- og starfsráðgjafar stækkar ár frá ári, hann var rúmlega 1000 nemendur 2017 eða rúm 8% nemenda skólans. Starfsemi Háskóla Íslands fellur undir málefnasvið - 21 háskólar í fjárlagafrumvarpinu.</p> <p>Nokkrar lykiltölur:</p> <ul style="list-style-type: none">• Fjöldi nemenda sem stundaði nám við Háskóla Íslands 20. október 2017 var 12.470• Ársnemar miðað við þreyttar einingar almanaksárið 2017 voru 8.338• Hlutfall stað- og fjarnema er að 5% nemenda eru eingöngu skráðir í fjarnám, 6% eru skráðir í bæði fjar- og staðnám og 89% eingöngu í staðnám miðað við námskeiðaskráningar á haustmisseri 2016 *• Brautskráningar almanaksárið 2017 voru 3.004• Endurkomuhlutfall þeirra sem hófu nýtt grunnnám haustið 2017 er 72% en það er hlutfall nemenda sem komu aftur á annað haustmisseri (2018)• Innritunarhlutfall er 61%.** <p>Innan Háskóla Íslands eru stundaðar rannsóknir á öllum fræðasviðum og er þar nýsköpun og hagnýting rannsókna í öndvegi. Innan skólans er fjöldi rannsóknastofnana sem vinna margar í nánnum tengslum við aðrar innlendar vísindastofnanir, fyrirtæki og stofnanir. Vísinda- og nýsköpunarstarf Háskóla Íslands hefur skapað honum sterka stöðu í alþjóðlegu vísindasamfélagi og opnað dyr að margs konar rannsóknasamstarfi. Háskólinn er virkur þátttakandi í íslensku samfélagi og í nánnum samstarfi við atvinnulíf og helstu stofnanir samfélagsins á sviði heilbrigðis-, félags-, mennta- og menningarmála. Hann starfar í nánnum tengslum við önnur skólastig í margs konar vísindamiðlunarverkefnum. Háskóli Íslands er í ríku alþjóðlegu samstarfi sem sést einna best á því að tæplega 80% birtinga háskólans er í samvinnu við erlenda háskóla og vísindastofnanir. Þá hefur Háskóli Íslands gert formlega samninga við yfir 400 háskóla út um allan heim sem felur í sér tækifæri fyrir nemendur til að stunda hluta af námi sínu við erlenda háskóla, öðlast alþjóðlega reynslu og skapa sér sérstöðu.</p> <p>Sýn Háskóla Íslands er að styrkja stöðu sína sem háskóla í fremstu röð. Framtíðarsýn skólans og áherslur í þróun starfsins er að finna í nýrri stefnu Háskóla Íslands fyrir árin 2016-2021, HÍ21. Í henni eru tilgreind markmið og aðgerðir sem beinast að öllum hliðum starfseminnar, þ.e. rannsóknum, kennslu og samstarfi við atvinnu- og þjóðlíf, auk þess mannaúts sem allt starf skólans byggir á. Aðgerðirnar eiga að ná fram fimm megináherslum/breytingum í starfsemi skólans sem má taka saman með þessum hætti:</p> <ol style="list-style-type: none">1. Framsækin sýn á nám og kennslu sem býr nemendur undir þátttöku í atvinnulífi og þjóðlífi	

2. Sterkir rannsóknainviðir sem styðja við þekkingarsköpun og alþjóðlegt samstarf
3. Starf Háskólans hafi víðtæk áhrif og takist á við áskoranir samtímans
4. Góður vinnustaður
5. Gæðamenning og skilvirk upplýsingatækni

Stefna Háskóla Íslands, HÍ21, rímar vel við þau meginmarkmið á málefnaviði háskóla sem birtast í fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 þar sem áherslan er á aukin gæði, aukna samvinnu og tengsl við samfélag. Á Menntavísindasviði Háskóla Íslands er sérstaklega unnið að átaki sem snýr að bættri kennaramenntun og aukinni nýliðun kennara.

Hvað varðar utanaðkomandi breytingar sem fyrir séð er að hafi áhrif á starfsemi stofnunarinnar á næstu árum má helst nefna að breytingar á fjölda nemenda valda sveiflum í fjármögnun einstakra námsbrauta og deilda með tilheyrandi vandræðum en óháð sveiflum í nemendafjölda þarf að halda uppi tiltekinni kennslu og þar með starfsmannahópi. Þensla á vinnumarkaði veldur einnig sveiflum í aðsókn með tilheyrandi breytingum sem háskólinn getur áhrif haft á.

* Fjarnemar eru ekki merktir sérstaklega hjá HÍ heldur skrá þeir sig ýmist í fjar- eða staðnám í einstök námskeið. Fjöldi námskeiða er skilgreindur hvorki sem fjar- eða staðnám og þjónustan sniðin bæði að þörfum stað- og fjarnema. Á það til að mynda við um meirihluta námskeiða á Menntavísindasviði.

** Það er hlutfall þeirra umsókna sem bárust um nám á haustmisseri 2017 og skiluðu sér í nemendum sem samþykktir voru og staðfestu skólavist. Meðal umsóknanna er talsverður fjöldi erlenda umsókna frá einstaklingum sem ekki uppfylla inntökuskilyrði.

Markmið 1			Tengist markmiði málaflokks			
Auka gæði náms og kennslu			21.1.1 Auka gæði náms og námsumhverfis.			
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021
Námsánægja í grunnnámi (% ánægðra, 2. árs nemar)	Viðhorfskannanir	76%	77%	78%	79%	80%
Fjöldi námskeiða sem háskólinn býður upp á í gegnum edX	Kennsluskra HÍ	1	2	3	4	4
Fjöldi nemenda sem skráðir eru í fagháskólanám	Nemendaskra HÍ	Á ekki við	15	100	150	200
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2019	Kostnaður 2020	Kostnaður 2021
Þróun kennslu og aukinn stuðningur við kennara (t.d. endurbætur á námi í samræmi við ábendingar nemenda, styrking Kennslumiðstöðvar Háskólans, efling Kennslumálasjóðs, stuðningur við nýja kennara, aðstoðarmannasjóður)		2017	2021	20.000.000	20.000.000	20.000.000

Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál nr. 123/2015

Nýting upplýsingatækni í kennslu og tengsl náms við atvinnulíf (t.d. nýting upplýsingatækni í kennslu, edX (MOOC), Tengslatorg við atvinnulífið)		2017	2021	24.000.000	9.000.000.	9.000.000
Fagháskólanám er í undirbúningi á fimm námsleiðum		2018	2021	15.000.000	5.000.000	5.000.000
Markmið 2			Tengist markmiði málaflokks			
Efla rannsókn- og nýsköpunarstarf sem stenst alþjóðleg gæðaviðmið			21.1.2 Að styrkja rannsóknastarf í háskólum og umgjörð þess og 7.1.1 Fjármögnun rannsókna styðji við gæði, árangur og verðmætasköpun			
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021
Sem hluti af innleiðingu áætlunar um rannsóknainnviði, sem tilgreinir uppbyggingu og rekstur innviða, verður mælikvarði skilgreindur	HÍ21 (Stefna Háskóla Íslands 2016-2021)	Á ekki við	Mælikvarði liggur ekki fyrir	Fer eftir stöðu 2018	Fer eftir stöðu 2019	Fer eftir stöðu 2020
Sértekjur (% af heildartekjum)	HÍ21 / Ársreikningur 2017	33,7% (6,6 ma.kr)	Staða liggur ekki fyrir	33,3%	33,3%	33,3%
Fjöldi nýrra einkaleyfa	Vísinda- og nýsköpunarsvið	4	4	5	5	5
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2019	Kostnaður 2020	Kostnaður 2021
Átak hvað varðar uppbyggingu og rekstur rannsóknainnviða til 2021		2017	2021	100.000.000	100.000.000	100.000.000
Aukinn stuðningur við sókn í styrki og rekstur rannsóknaverkefna		2017	2021	18.000.000	12.000.000	5.000.000
Átak hvað varðar stuðning við nýsköpun og alþjóðasamstarf		2017	2021	5.000.000	5.000.000	5.000.000
Markmið 3			Tengist markmiði málaflokks			
Tryggja tengsl við atvinnulíf og samfélag			21.1.3 Að auka áhrif og tengsl háskóla í samfélaginu			
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021
Brottfall fyrsta árs nema (þeir sem skila sér aftur í skólann að loknu fyrsta ári)	Gögn Félagsvísindastofnunar / Gögn Kennsluviðs/ HÍ21	27,75%	Liggur ekki fyrir	27,25%	27%	26,5%
Aukin rannsóknnumsvif HÍ utan háskólasvæðisins talið í	Ársskýrslur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands sem byggja á niðurstöðu	218	Liggur ekki fyrir	250	275	300

Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál nr. 123/2015

	rannsóknastigum starfsfólks rannsóknasetra háskólans	vinnumatskerfis (úttekt Vísinda- og nýsköpunarsviðs)					
	Fjöldi nýsköpunar- og sprotafyrirtækja undir hatti Vísindagarða (Gróskuhúsið verður tekið í notkun 2019 og mun hýsa nýsköpunarstarfsemi)	Stefna Vísindagarða / HÍ21	15	15	25	30	35
	Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2019	Kostnaður 2020	Kostnaður 2021
	Aukin tengsl við önnur skólastig, sérstaklega stuðningur við námsval nemenda í framhaldsskóla (Háskólahermir, nýr vefur)		2017	2018	2.000.000	1.000.000	1.000.000
	Uppbygging rannsóknasetra á landsbyggðinni og aukin tengsl við deildir skólans		2017	2019	35.000.000	35.000.000	35.000.000
	Uppbygging Vísindagarða Háskóla Íslands til að tengja saman nám, nýsköpunarstarf og sprotafyrirtæki/atvinnulíf ¹		2017	2019	0	0	0
2	Rekstrarþættir						
	<p>Nokkrar lykiltölur um mannauð Háskóla Íslands (lykiltölur háskóla 2017):</p> <p>Háskóli Íslands er vinnustaður tæplega 1.500 fastráðinna starfsmanna sem sinna kennslu, rannsóknum, þjónustu við nemendur og rekstri og stjórnsýslu skólans. Auk þess taka sérfræðingar skólans virkan þátt í samfélagsumræðu og veita ráðgjöf til stofnana og atvinnulífs. Þá leggja um 2.100 stundakennarar úr atvinnulífi af mörkum við kennsluna.</p> <ul style="list-style-type: none"> – Fjöldi starfsmanna og fjöldi stöðugilda. 1488 starfsmenn í 1281 ársverkum án stundakennara – Menntunarstig akademískra starfsmanna. 80% akademískra starfsmanna er með doktorspróf – Endurmenntun starfsmanna er sinnt með margvíslegum hætti, rannsóknaleyfum akademísks starfsfólks, námsleyfum annars starfsfólks ásamt margs konar þjálfun, námskeiðum og fyrirlestrum. Um 100 akademískir starfsmenn fara í rannsóknaleyfi árlega, flestir í eitt misseri, og 14 starfsmenn stjórnsýslu skólans og fræðasviða nýttu sér rétt til námsleyfis 2016. – Aldurssamsetning og kynjahlutfall. 51% starfsmanna háskólans eru konur og 49% karlar. Í hópi akademískra starfsmanna eru konur 43% og karlar 57%. Hvað aldurssamsetningu akademískra starfsmanna varðar eru 7% þeirra á aldrinum 30 – 39 ára, 28% 40 til 49 ára, 32% 50 til 59 ára og 32% 60 ára og eldri. Hvað annað starfsfólk Háskóla Íslands varðar eru 13% þeirra yngri en 29 ára, 30% á aldrinum 30-39 ára, 20% á aldrinum 40 til 49 ára, 21% 50 til 59 ára og 15% á aldrinum 60 ára og eldri. 						

- Stjórnun:

Samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 er Háskóli Íslands sjálfstæð menntastofnun, sem hefur sjálfstæða fjárveitingu á fjárlögum, sem ráðherra gerir tillögu um til að mæta útgjöldum til kennslu, rannsókna og annarra verkefna.

Stjórnun Háskóla Íslands er falin rektor og háskólaráði sem skiptir fé milli rekstrareininga innan þess ramma sem fjárveitingar og reglur um ráðstöfun sértekna heimila og hefur eftirlit með rekstri háskólans, þar með töldu reikningshaldi, meðferð fjármuna og samstarfssamningum og hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, félögum, fyrirtækjum, sjóðum og öðrum eignum háskólans. Sameiginleg stjórnarsýsla háskólans undir forystu framkvæmdastjóra annast reikningshald háskólans í umboði rektors og háskólaráðs, þ.m.t. fyrirkomulag bókhalds, eftirlit með rekstri og uppgjöri samstarfssamninga og rannsóknastyrkja sem fela í sér meðferð fjármuna og fjárhagsskuldbindingar fyrir háskólann. Háskólaráð setur reglur fyrir háskólann eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, þar með taldar reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda. Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans, einstakra fræðasviða og stofnana sem honum tengjast og heyra undir háskólaráð, fræðasvið eða deildir. Með rektor starfa tveir aðstoðarrektorar, aðstoðarrektor kennslu og þróunar og aðstoðarrektor vísinda og nýsköpunar.

Meginskipulagseiningar háskólans eru fimm fræðasvið. Forseti stýrir hverju fræðasviði um sig og skiptast þau í deildir sem eru grunneiningar háskólans, þar sem fram fara kennsla og rannsóknir. Deildirnar eru 25 auk þess sem boðið er upp á skipulagt þverfræðilegt nám (á meistara- og doktorsstigi) á nokkrum sviðum í samstarfi deilda þvert á fræðasvið. Forseti fræðasviðs ber ábyrgð gagnvart rektor og háskólaráði og er rektor yfirmaður hans. Forseti er yfirmaður fræðasviðsins, stýrir daglegri starfsemi og er akademískur leiðtogi þess og talsmaður og ber m.a. ábyrgð á gæðum kennslu, rannsókna og þjónustu, stjórnarsýslu og stoðþjónustu fræðasviðsins, fjármálum og starfsmannamálum.

Sameiginlegri stjórnarsýslu háskólans er skipað í framkvæmda- og tæknisvið, fjármálasvið, kennslusvið, markaðs- og samskiptasvið, starfsmannasvið, upplýsingatæknisvið og vísinda- og nýsköpunarsvið. Sviðsstjórar eru fyrir hverju sviði og leiðir framkvæmdastjóri sameiginlega stjórnarsýslu skólans í umboði rektors. Hlutverk stjórnarsýslunnar er að skapa fræðasviðum, deildum, stofnunum og starfsfólki háskólans skilyrði til að vinna störf sín í samræmi við lög og reglur háskólans.

- Námsumhverfi:

Margvísleg þjónusta er veitt nemendum (og kennurum): Þjónustuborð, Nemendaskrá, Náms- og starfsráðgjöf, Skrifstofa alþjóðasamskipta, Kennslumiðstöð, tölvuþjónusta og tölvuver (og þráðlaust net í byggingum), bókasöfn og bóksala, lesrymi o.fl. Félagsstofnun stúdenta rekur stúdentagarða og kaffistofur í byggingum háskólans og Stúdentaráð sinnir, auk fjölbreyttrar félagsstarfsemi, margvíslegru þjónustu við stúdenta m.a. samkvæmt samningum við háskólann. Námsumhverfi háskólans er ítarlega lýst á heimasíðu háskólans og nánar í kennsluskra sem út er gefin ár hvert.

- Upptalning á birtum stefnum stofnunar.

Stefna Háskóla Íslands 2016-2021 (HÍ21) „Öflugur háskóli – farsælt samfélag“

Unnið er að margvíslegum aðgerðum sem snúa að megináherslum stefnunnar sem lýst er í inngangi þessa skjals en innleiðing tiltekinna aðgerða byggir þó á fjármögnun stefnunnar sem ekki liggur fyrir. Mælikvarðar eru tilteknir við hverja aðgerð svo meta megi framgang og árangur stefnunnar HÍ21. Þá hefur

fjármálanefnd Háskóla Íslands og yfirstjórn unnið að forgangsröðun verkefna innan fjárhagsramma hans svo að einstaka forgangsmál nýju stefnunnar nái fram að ganga. Unnið er að innleiðingu fimm ára fjárhagsáætlanagerðar til að styðja við ákvarðanatöku innan skólans. Unnið er að undiráætlunum á sviði mannauðs, innviða og húsnæðis. Stefnt er að innleiðingu fimm ára fjárhagsáætlana frá og með næsta ári.

Ný stefna um gæði náms og kennslu, sjálfbærni- og umhverfisstefna, afnréttisstefna, málstefna, stefna gegn mismunun, viðmið og kröfur um gæði meistaranáms, viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms og siðareglur. Þá ber þess að geta að ný upplýsingastefna og fjölskyldustefna eru í vinnslu.

- Gæðastarf innan stofnunar, með áherslu á úrvinnslu á niðurstöðum úttekta og innra eftirlits.

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á skipulega tryggingu og eflingu gæða á öllum sviðum starfseminnar. Við háskólann starfar miðlæg gæðanefnd, gæðastjóri og innri endurskoðandi. Unnið er markvisst að framkvæmd Rammaáætlunar Gæðaráðs háskóla og á árunum 2011-2014 fór fram ítarlegt sjálfsmat allra 25 deilda og tveggja þverfræðilegra námsleiða háskólans, auk þess sem Háskóli Íslands í heild gekkst undir viðamikil sjálfsmat og ytra mat erlendra sérfræðinga 2014-2015. Var það niðurstaða ytra matsins að gæðastarf Háskóla Íslands hlaut hæstu einkunn sem gefin er skv. rammaáætluninni.

Í gæðastarfi Háskóla Íslands er lögð áhersla á að nýta niðurstöður innra og ytra gæðamats í samræmi við gæðahringinn og í anda hugmyndafræðinnar um stöðugar umbætur. Þannig var í kjölfar fyrstu lotu rammaáætlunar Gæðaráðs háskóla unnið kerfisbundið úr öllum niðurstöðum og gerð áætlun um úrbætur og framþróun. Voru niðurstöður þeirrar vinnu nýttar við mótun heildarstefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2016-2021. Ein af fimm áherslum stefnunnar er á gæðamenningu og skilvirka upplýsingatækni.

Eins og lýst hefur verið hér að ofan er áhersla næstu missera að halda áfram innleiðingu nýrrar stefnu Háskóla Íslands – HÍ21. Meginmarkmið stefnunnar HÍ21 er að gera góðan háskóla enn betri með því að þróa kennslu, styrkja rannsóknainnviði, sýna aukna samfélagslega ábyrgð og hlúa að mannauði skólans eins og gert er grein fyrir í kaflanum „Kjarnastarfsemi“ ofar í þessu skjali.

Markmið 1		Innleiða gæðamenningu og ábyrga nýtingu fjármuna					
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021	
Aðgerðaáætlun um úrbætur	HÍ21	Liggur ekki fyrir	Mælikvarði liggur ekki fyrir	Fer eftir stöðu 2018	Fer eftir stöðu 2019	Fer eftir stöðu 2020	
Fjöldi úttekta á innri starfsemi skólans (kynntar fyrir háskólaráði) sem eru þáttur í innleiðingu gæðamenningar	Sjálfsmatsskýrslur, lykiltölur	2	3	3-4	3-4	4	
Fjöldi eininga sem hafa farið í gegnum sjálfsmat vegna QEF2		Á ekki við	2 deildir lokið sjálfsmati	5	5	5	
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2019	Kostnaður 2020	Kostnaður 2021	

Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál nr. 123/2015

	Úttekt alþjóðlegra sérfræðinga á stefnumótun og innleiðingu stefnu skólans	2018	2020	2.000.000	0	0	
	Úttektum innri endurskoðanda (kynntar fyrir háskólaráði) fjölgað	2018	2020	1.000.000	1.000.000	1.000.000	
	Sjálfsmat deilda (QEF2)	2018	2021	3.000.000	3.000.000	3.000.000	
Markmið 2	Auka samfélagsábyrgð í starfsemi skólans						
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021	
	Hlutfall endurvinnslu af heildarsorp magni (hlutfall flokkaðs úrgangs)	Grænt bókhald og lykiltölur / HÍ21	59,7%	Liggur ekki fyrir	62%	63,5%	65%
	Fjöldi gesta á fyrirlestra og áhorf á netinu á fyrirlestra	Skráning á viðburði og	Á ekki við	Liggur ekki fyrir	5% aukning	7% aukning	10% aukning
	Mælikvarðar um hvernig vinnumatskerfið styður við þekkingaryfirfærslu til samfélagsins hafa ekki verið útfærðir	Sjálfsmatsskýrsla og ytri úttekt alþjóðlegra sérfræðinga /HÍ21	Sjálfsmatsskýrsla og ytri úttekt alþjóðlegra sérfræðinga liggur fyrir	Endurskoðun í fullum gangi	Innleiðing áætlunar	Innleiðing áætlunar	
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2019	Kostnaður 2020	Kostnaður 2021	
	Græn skref innleidd til að minnka umhverfisáhrif skólans og bæta starfsumhverfi			0	0	0	
	Háskólinn og samfélagið	2018	2019	5.000.000	5.000.000	5.000.000	
	Endurskoðun vinnumatskerfis (m.a. þróa viðmið um hvernig akademískir starfsmenn fá framlag til uppbyggingar samfélagsins metið)	2017	2019	5.000.000	0	0	
Markmið 3	Auka fjárfestingu í mannauði og aukinn stuðningur við velferð hans						
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021	
	Jafnlaunavottun	Launabókhald / HÍ21	Á ekki við	Unnið er að jafnlaunavottun	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir

Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál nr. 123/2015

Hlutfall frekar eða mjög ánægðra starfsmanna í starfsánægjukönnun	Könnun á starfsumhverfi / HÍ21	80%	Mótun stefnu og innleiðing	> 80% Aukin starfsánægja		
Hlutfall starfsfólk sem búa við of mikið álag í vinnu	Könnun á starfsumhverfi	77% akademískra starfsmanna eru undir miklu vinnuálagi (tala frá 2016)	Liggur ekki fyrir (könnun í vinnslu)	Á ekki við (könnun gerð á tveggja ára fresti)	72%	Á ekki við (könnun gerð á tveggja ára fresti)
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2019	Kostnaður 2020	Kostnaður 2021
Úttekt gerð á kynbundnum launamun og aðgerðaáætlun		2017	2018	3.000.000	1.000.000	0
Innleiðing fjölskyldustefnu		2017	2018	0	3.000.000	0
Uppbygging stoðþjónustu á fræðasviðum		2017	2020	2.000.000	2.000.000	1.500.000

Leiðbeiningar við gerð stefnumiðaðrar áætlunar (stefnuskjals) til þriggja ára

	<p>Almennt um skjalið</p> <p>Stefnan er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Stefnunni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki sem stofnun tilheyrir eins og hún birtist í fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að stefnan nái utan um starfsemi ríkisaðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig ríkisaðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar eru engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnu.</p> <p>Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.</p> <p>Stefna þessi verður birt á vefjum stofnunar og Stjórnarráðsins.</p>
1	<p>Kjarnastarfsemi</p> <p>Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila og undir hvaða málaflokk starfsemin fellur. Æskilegt er að gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum ríkisaðila og öðrum lykiltölum s.s. fjölda starfsmanna, starfsstöðva og notenda. Loks skal gera grein fyrir hlutverki ríkisaðila við framkvæmd stefnu innan málaflokksins.</p> <p>Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun starfsemi og varpað geta ljósi á þær áherslur sem birtast í stefnunni.</p>
	<p>Markmið (að hámarki 3)</p> <p>Hér eru skilgreind að hámarki þrjú deilimarkmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokknum. Markmiðin eru þannig nánari skilgreining á því hvernig þeim markmiðum skuli náð.</p> <p>Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (<i>outcome</i>) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (<i>input</i>) ríkisaðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.</p>
	<p>Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)</p> <p>Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar þá mælikvarða sem skilgreindir eru í stefnu fyrir málaflokk.</p> <p>Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verði aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu stjórnsýsluupplýsinga.</p> <p>Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og eftir því sem mögulegt er hver staðan er á yfirstandandi ári. Jafnframt skal skilgreina viðmið, þ.e. töluleg markmið fyrir hvert af næstu þrjú árum.</p>
	<p>Aðgerðir (að hámarki 3 við hvert markmið)</p> <p>Hvernig verður unnið að framkvæmd markmiða, áherslna og aðgerða sem fram koma í þeirri stefnu sem unnið er eftir?</p> <p>Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum í starfi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Í einhverjum tilfellum hafa verkefni verið tilgreind í stefnu fyrir málaflokka og eru þá nánar útfærð hér. Í öðrum tilfellum þarf ríkisaðili að skilgreina aðgerðir eða verkefni sem miða að framkvæmd tiltekins markmiðs í stefnunni. Ef um er að ræða verkefni sem ná til töluvert lengri tíma en þessi stefna tekur til getur verið gagnlegt að áfanga-skipta þeim og fjalla hér um þann þátt verkefnis sem kemur til framkvæmdar á tímabilinu.</p> <p>Gera skal grein fyrir því hvenær ráðgert er að vinna við aðgerð hefjist og hvenær henni skal lokið.</p> <p>Gert er ráð fyrir að allar aðgerðir rúmist innan núverandi fjárheimilda og útgjaldasvigrúmi þar sem það á við. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem stofnun fær úthlutað verður ráðstafað. Þar sem því er viðkomið skal tilgreina, fyrir hvert ár sem stefnan nær til, áætlaðan heildarkostnað eða hagræðingu vegna einstaka aðgerða sem tengjast markmiðinu.</p> <p>Gera má nánari grein fyrir aðgerðum í viðauka við þetta skjal.</p>

Leiðbeiningar við gerð stefnumiðaðrar áætlunar (stefnuskjals) til þriggja ára

2	Rekstrarlegir þættir Gera skal grein fyrir því hvernig skipulag stofnunar styður við markmið kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Gera skal stuttlega grein fyrir áherslum og áætlaðri þróun er varða rekstur stofnunar í breiðum skilningi. Hér er m.a. átt við stjórnsýslu, þjónustu, fjármál, gæðamál, mannauðsmál, jafnréttismál, umhverfismál og upplýsingatækni. Eftir því sem við á skal vísa til viðeigandi stefnu stjórnvalda, t.d. útvistunarstefnu ríkisins eða stefnu um vistvæn innkaup. Loks skal gera grein fyrir því hvernig gæði og árangur í starfsemi stofnunar eru metin. Í hve ríkum mæli eru mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?
	Markmið (að hámarki 3) Tilgreina skal allt að þrjú markmið er snúa að rekstri og almennri starfsemi stofnunar og unnið verður að á tímabilinu. Markmiðin skulu miða að því að tryggja gæði í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti og vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.
	Aðgerðir (að hámarki 3 við hvert markmið) Í hvaða aðgerðir verður ráðist til að ná fram settum markmiðum? Hér getur verið um að ræða áherslur í starfi eða skilgreind verkefni. Gera skal grein fyrir því hvenær ráðgert er að vinna við aðgerð hefjist og hvenær henni skal lokið. Gert er ráð fyrir að allar aðgerðir rúmist innan núverandi fjárheimilda og útgjaldasvigrúmi þar sem það á við. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem stofnun fær úthlutað verður ráðstafað. Þar sem því er viðkomið skal tilgreina, fyrir hvert ár sem stefnan nær til, áætlaðan heildarkostnað eða hagræðingu vegna einstaka aðgerða sem tengjast markmiðinu. Gera má nánari grein fyrir aðgerðum í viðauka við þessa stefnu.
	Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið) Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta starfsemina? Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verði aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu stjórnsýsluupplýsinga. Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og eftir því sem mögulegt er hver staðan er á yfirstandandi ári. Jafnframt skal skilgreina viðmið, þ.e. töluleg markmið fyrir hvert af næstu þrjú árum.

ⁱ Vísindagarðar eru reknir í sérfélagi og tekjur þeirra eiga að standa undir kostnaði við uppbyggingu þeirra.